

SÍL 3 hs.

Árshlutareikningur 30. júní 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	7
Skýringar	9
<i>Viðauki - fylgiskjöl ekki könnuð af endurskoðanda</i>	
Útlitun á verðbréfum með föstum tekjum í eigu SÍL 3 hs. 30.06.2025	11

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

SÍL 3 hs. er sérhæfður hlutdeildarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði. Sjóðurinn var stofnaður á árinu 2025 og er tilgangurinn að ávaxta þá fjármuni sem greiddir eru til sjóðsins gegn útgáfu skuldabréfa.

Árshlutareikningur sjóðsins SÍL 3 hs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Rekstur sjóðsins er í höndum Stefnis hf. og vísum við í árshlutareikning Stefnis hf. varðandi frekari upplýsingagjöf stjórnar.

Hagnaður varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu sem nam 19 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í lok júní 2025 nam 1.019 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2025 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 19. ágúst 2025

Í stjórn:

Jón Óttar Birgisson, stjórnarformaður
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, meðstjórnandi
Kristín María Dýrfjörð, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Jón Finnbogason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í SÍL 3 hs.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi árshlutareikning SÍL 3 hs. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2025. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2025 og breytingu á hreinni eign á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð sjóðnum SÍL 3 hs. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar samanstanda af skýrslu stjórnar og útlistun á verðbréfum.

Álit okkar á árshlutareikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við gefum ekkert form af staðfestingum eða ályktunum vegna þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við árshlutareikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir árshlutareikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu árshlutareikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Áritun óháðs endurskoðanda; frh.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum, frh.

Við gerð árshlutareikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi SÍL 3 hs. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu árshlutareikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu árshlutareikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun árshlutareikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að árshlutareikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda árshlutareikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í árshlutareikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu árshlutareiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum árshlutareikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.

- Metum í heild sinni hvort árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við árshlutareikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 19. ágúst 2025

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson

Endurskoðandi

Árshlutareikningur SÍL 3 hs. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2025 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2025

		1.1. -30.6. 2025
	Skýr.	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur og verðbætur	5	2.523
Vaxtagjöld og verðbætur		(1.238)
Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld) samtals		<u>1.285</u>
Rekstrargjöld		
Annar rekstrarkostnaður		<u>1.266</u>
Rekstrargjöld samtals		<u>1.266</u>
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		<u>19</u>

1) Sjóðurinn var stofnaður í febrúar 2025

Efnahagsreikningur 30. júní 2025

		30.6.2025
	Skýr.	
Eignir		
Fjárfestingar:		
Verðbréf með föstum tekjum	7	3.040.733
Verðbréf með breytilegum tekjum	8	450.000
	Fjárfestingar samtals	3.490.733
Aðrar eignir:		
Handbært fé	9	15.137
	Aðrar eignir samtals	15.137
	Eignir samtals	3.505.870
Skuldir		
Útgefin skuldabréf	13	3.502.938
Aðrar skuldir	11	1.913
	Skuldir samtals	3.504.851
Hrein eign í lok tímabilsins		1.019
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina (í þús.)		10
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabilsins		101,90

1) Sjóðurinn var stofnaður í febrúar 2025

Yfirlit um breytingu á hreinni eign 1. janúar - 30. júní 2025

	1.1. -30.6. 2025
	Skýr.
Hrein eign í byrjun árs	0
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini	19
Fjármögnunarahreyfingar:	
Seld hlutdeildarskírteini	1.000
Fjármögnunarahreyfingar	1.000
Hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins	1.019

1) Sjóðurinn var stofnaður í febrúar 2025

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni, sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánasamninga sem hann hefur fjárfest í.

2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur SÍL 3 hs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareikninga þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði árshlutareikningsins, sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við neysluverðsvísitölu sem tók gildi í byrjun júlí 2025. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning viðkomandi sjóðs.

5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

6. Umsýslupóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. tvíþætta umsýslupóknun; fasta og breytilega póknun. Fyrsta árið nemur föst póknun 0,01% af stærð skuldabréfsins við fullan ádrátt og annað árið nemur hún 0,06%. Breytileg póknun ræðst af því hver fjárhæð áskriftarloforðs/þátttöku hvers skuldabréfæiganda er fyrir sig. Breytilega póknunin er á bilinu 0,24% og 0,30%. Að loknum tveimur árum reiknast póknanir sem hlutfall af heildareignum sjóðsins. Póknun vörsluaðila fyrir umsýslu og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í póknun rekstraraðila.

Umsýslupóknun tekur m.a. til launa starfsmanna rekstraraðila. Vísað er til skýringar 12 í árshlutareikningi Stefnis hf., þar sem gerð er grein fyrir öllum launum og launatengdum gjöldum starfsmanna Stefnis, bæði föstum og breytilegum ásamt fjölda starfsmanna.

Hægt er að nálgast árshlutareikning Stefnis á vefnum www.stefnir.is.

7. Verðbréf með föstum tekjum

Sjóðurinn fjárfestir í bæði verðtryggðum og óverðtryggðum kröfum útgefnum af íslenskum lögaðilum. Í bókhaldi sjóðsins eru lánssamningarnir uppreiknaðir miðað við neysluverðsvísitölu þegar við á að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

Við reglubundið mat á eignum sjóðsins er ekki talin ástæða til að færa virðisrýrnun.

8. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum í eigu sjóðsins eru hlutdeildarskírteini sjóða. Hlutdeildarskírteini eru metin á markaðsverði í lok tímabilsins.

9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

10. Aðrar eignir

Til annarra eigna teljast óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til lækkunar við gengisútreikning til annarra eigna.

Skýringar, frh.:

11. Aðrar skuldir

Til annarra skammtímaskulda telst úppgerður fjármagnstekjuskattur og óframkomin og úppgerð viðskipti. Auk þess færast uppsöfnuð ávöxtun í eigu skuldabréfaeigenda til annarra skulda. Aðrar skuldir greinast þannig:

	30.6.2025
Uppsöfnuð ávöxtun í eigu skuldabréfaeigenda	800
Aðrar skuldir	1.113
	<u>1.913</u>

12. Skattamál

Sérhæfðir sjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

13. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn gefur út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Greiðsluflæði skuldabréfsins er óreglulegt. Skuldabréfin eru óverðtryggð með fljótandi vöxtum sem breytast á þriggja mánaða fresti. Vextir og afborganir taka mið af greiðslum undirliggjandi eigna að teknu tilliti til kostnaðar og endurfjárfestinga í samræmi við reglur skuldabréfsins. Afborganir geta því verið engar á gjalddögum skuldabréfsins ef greiðsluflæðið er nýtt til endurfjárfestingar.

Greiðslur af skuldabréfi í lok júní 2025:

	Virði
Til greiðslu 2025-2026	0
Til greiðslu 2026-2027	0
Til greiðslu 2027-2028	0
Til greiðslu 2028-2029	0
Til greiðslu 2029-2030	0
Til greiðslu síðar	3.502.938
	<u>3.502.938</u>

14. Hlutdeildarskírteini - bókfært virði og gengi

Bókfært virði hlutdeildarskírteina og kaupgengi hlutdeildarskírteina greinist þannig:

	30.6.2025	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2022
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina	1,019	-	-	-
Kaupgengi hlutdeildarskírteina	101,90	-	-	-

15. Hlutdeildarskírteini - ávöxtun

Nafn- og raunávöxtun greinist þannig:

	2025	2024	2023	2022
Nafnávöxtun (1)	1,91%	-	-	-
Raunávöxtun (1)	-0,45%	-	-	-

1) Sjóðurinn var stofnaður í febrúar 2025

Útlistun á verðbréfum með föstum tekjum í eigu SÍL 3 hs. 30.06 2025

Lán-taki	Tegund veðs	Tekjur	Eignir	Fjárhæð	Loka-gjalddagi	Óverðtryggt/ verðtryggt	Tegund afborgana	Fjöldi gjald- daga pr.ár	Fram-leng- ingar- heimild	Útgáfu- dagur
1	Fasteignir	500 - 1.000	1.000 - 2.500	217	15.08.2029	Verðtryggt	Jafnar greiðslur	12		05.06.2024
2	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	40	01.09.2044	Verðtryggt	Óreglulegar	6		01.10.2024
2	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	40	01.09.2044	Verðtryggt	Óreglulegar	6		21.10.2024
3	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	65	01.09.2029	Verðtryggt	Jafnar afborganir	12		21.08.2024
3	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	10	01.04.2030	Verðtryggt	Jafnar afborganir	12		12.03.2025
4	Fasteignir	500 - 1.000	7.500 - 10.000	511	15.04.2032	Verðtryggt	Jafnar greiðslur	12		27.09.2024
5	Fasteignir	5.000 - 7.500	2.500 - 5.000	189	03.07.2028	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		19.06.2024
5	Sjóðstr./Veltufjárm.	5.000 - 7.500	2.500 - 5.000	56	03.07.2028	Verðtryggt	Jafnar greiðslur	12		19.06.2024
6	Sjóðstr./Veltufjárm.	7.500 - 10.000	1.000 - 2.500	316	02.05.2028	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12		28.04.2025
7	Sjóðstr./Veltufjárm.	0 - einungis fj.tekjur	2.500 - 5.000	139	02.05.2028	Óverðtryggt	Eingreiðslubréf	1		02.09.2022
8	Skráð hlbr Lóða- og	0 - einungis fj.tekjur	15.000 - 25.000	500	08.05.2028	Óverðtryggt	Vaxtagreiðslubréf	1		02.05.2025
9	framkvæmdafjármögnun Lóða- og	100 - 500	1.000 - 2.500	526	01.03.2026	Óverðtryggt	Eingreiðslubréf	1	1*12 mán	07.03.2024
10	framkvæmdafjármögnun Lóða- og	Nýtt félag	Nýtt félag	150	17.12.2027	Óverðtryggt	Eingreiðslubréf	1	1*12 mán	18.12.2024
10	framkvæmdafjármögnun	Nýtt félag	Nýtt félag	280	15.11.2027	Óverðtryggt	Eingreiðslubréf	1		07.11.2024